



Greinargerð

Deiliskipulag þetta er fyrir fiskeldi á jörðinni Botnum í Skaftárhreppi. Deiliskipulagið nær yfir um 12 ha með landnúmer 220022 og hluta af landi Botna með landnúmer 163310.

Samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er land nr. 22022 skilgreint sem iðnaðarsvæði (I 4) og svæðið umhverfis sem landbúnaðarsvæði.

Aðgengi

Aðkoma að svæðinu er frá Hringvegi nr. 1 um Botnaveg nr. 2085 og eftir núverandi vegslóða sem hefur verið hefur verið borið ofan í.

Fiskeldishús

Almennt

Markmiðið með yfirbyggingunni er að stjórna umhverfisþáttum og hindra utanaðkomandi sýkingu í lífmassa frá villtum dýrum s.s. Svo smit frá fuglum, öðrum fiskum og örverum í vatni. Einnig verður einn gámur sem verður innréttaður fyrir hrogn. Tegund eldisfisks er bleikja en framleiddur lífmassi verður um 19 tonn. Rotþró verður innan lóðar og staðsett á byggingarnefndarteikningum þegar þær verða lagðar fyrir. Frágangur og gerð rotþróa og frárennislagna skal gera í samræði við heilbrigðiseftirlit og fara skv. reglugerð 796/1999 um fráveitur og skólp og leiðbeiningarít Umhverfisstofnunar frá 2004.

Byggingarskilmálar

Fiskeldið verður yfirbyggt á 7.382 m² lóð innan 4273 m² byggingarreits. Húsið er stálbáruhús innflutt frá Bandaríkjunum samtals 924 m². Þakform byggingar er bogadregið og hámarks þakhæð frá gólfkóta 6,2 m Veggir og þak eru stálprófilar og bogar sjálfbærandi. Staðsteyptur grunnur og sjálfbærandi bára. Rennur í húsinu verða 8 talsins, 66m³ hver.

Rafstöð

Almennt

Bygging nýrrar rafstöðvar er nauðsynleg til þess að viðhalda rafmagni á sveitabænum Botnum og mun fiskeldið einnig fá rafmagn þaðan. Til þessa verkefnis mun þurfa að endurnýja hluta af lónsgarði, en ekki verður farið í neinar stórvægilegar breytingar á lóninu sjálfu. Rafstöðin verður 53 KW og samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Skaftárhrepps teljast heimarafstöðvar allt að 200 KW hluti af landbúnaðarnotum og þarf því ekki að skilgreina þær sem iðnaðarsvæði.

Byggingarskilmálar

Flatarmál byggingar 55 m² og hámarksveggþæð frá gólfkóta 6,2 m og lækkar sem nemur þakformi sem er einhalla með 15° halla. Útveggir og sókklar verða úr steinsteypu.

Vatnslagnir

Allt vatnið sem fer inn í eldihúsnæðið verður tekið beint úr sjálfrennandi, lokuðum lindum til að fyrirbyggja smit. Lindirnar eru sýnir á afstöðuupprætti.

Setþró

Setþróin verður grafin suðaustan við húsið. Hún verður tæmd af seyru einu sinni á ári og setið notað sem áburður á tún og eða akra sem verða í rækt. Heildarflatarmál settjarnarinnar verður um 60m² og hún er grafin sem s-laga form.

Lífrænn úrgangur

Afskurður af fiski, sjálfdaður fiskur og annar lífrænn úrgangur verður settur í meltu og notaður sem áburður á tún og akra.

Sorphirða

Farið verður eftir gildandi reglum Skaftárhrepps í sambandi við sorphirðu. Reynt verður eftir bestu getu að endurnóta og endurnýta sem allra mest.

Fóður

Fyrstu árin verður fóðrið aðkeypt en þegar fram líða stundir er stefnan á að framleiða eigið fóður og loka þannig hringnum í átt að sjálfbærni.

Umhverfissjonarmið

Það er markmið fyrir þetta fiskeldi að það verði sem sjálfbærast og umhverfisvænast. Með endurnýtingu á lífrænum úrgangi sem áburði á tún, gerum við okkur kleyft að nota ekki aðkeyptan áburð. Með því að nota þennan staðbundna áburð er dregið úr kostnaði við urðun á sorpi, kostnaði við áburðarkaup og stoðum rennt undir ræktun á túnnum og ökrum. Akkrarnir verða síðar undirstaða fyrir fóðurframleiðslu á staðnum. Þannig verður til auka manngildi og dregið er úr eldsneytsnotkun vegna fóður og áburðarfutninga. Ekki verður notast við formalín eða malakit við seiðaframleiðsluna, heldur verður kappkostað að nota náttúruleg efni eins og salt, og þá í mjög litlu magni.



Hluti af staðfestu Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Mkv. 1:50.000

SKÝRINGAR

- Lóð
- Byggingarreitur
- Núverandi hús
- Vegur
- Vegslóði
- Vatnslagnir
- Deiliskipulagsmörk
- Vatn



Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann _____ 2012 og í Sveitarstjórn þann _____ 2012.

Tillagan var auglýst frá _____ 2012 með athugasemdafresti til _____ 2012.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

SKAFTÁRHREPPUR

LANDMÓTUN • HAMARBORG 13 • 201 KÓPAVOGUR • Sími: 078 8300 • Fax: 054 6380 • Netfang: landmotun@landmotun.is

FISKELDI BOTNUM
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAG

DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR

SKIPULAGSYFL
TEIKNAMÓ
SAMÞYKKT
KT. 110252.4479
KÓPAVOGUR
TEIKN. NR.

KVARNÍ: 2.000
VERÐUR:
8509-DA 1101

dag: 1.03.2012
BR.

01

